



Reykjavík, 24. janúar 2022

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið við Austurvöll

Varðar: Styrki til rekstraraðila vegna takmarkana á opnunartíma

FHG - Fyrirtæki í Hótel- og Gistiþjónustu þakka nefndinni fyrir umsagnarbeiðni um þingmál 232., frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila sem sætt hafa takmörkunum á opnunartíma. Samtökin fagna frumvarpinu sem og þeim breytingum sem ráðherra boðaði á því í framsöguræðu sinni, að fella einnig veitingastaði hótela undir gildissvið frumvarpsins. Það liggur fyrir að rekstraraðilar veitingastaða á hótelum hafa orðið fyrir miklu tekjufalli vegna sóttvarnatakmarkana. Þannig hrundi tekjugrunnur hótela vegna jólahlaðborða undir lok síðasta árs og vegna þorrablóta í byrjun þessa árs, sökum slíkra takmarkana, ekki síst á landsbyggðinni sem gera út á pakkatilboð með slíkum hlaðborðum og gistingu.

Stuðningur við atvinnurekstur sem orðið hefur fyrir mestu tekjufalli vegna farsóttinnar hefur skipt sköpum. Þrátt fyrir að faraldurinn hafi dregist á langinn langt umfram það sem nokkurn óraði í upphafi, leyfa fyrirtæki í ferðaþjónustu sér að vera bjartsýn á að frá komandi sumri fari land að rísa. Staðan er hins vegar þannig að nú þegar sér til lands í gegnum kófið eru mörg þessara fyrirtækja sem stóðu styrkum fótum við upphaf faraldurs við það að drukkna í fjörborðinu í upphafi árs 2022. Heimild til frestunar skattgreiðslna og styrkur vegna veitingareksturs skipta verulegu máli. Einnig þarf þó að koma til stuðningur vegna starfsfólks í geiranum og opna þarf fyrir frekari stuðningslán.

Virðingarfyllst,

Kristófer Oliverson  
formaður FHG